

AUGLÝSING
um samning við Rússland um afnám skyldu
til vegabréfsáritunar fyrir flugáhafnir.

Með orðsendingaskiptum í Moskvu hinn 27. maí 2013 var gengið frá samningi milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um afnám skyldu til vegabréfsáritunar fyrir flugáhafnir. Samningurinn öðlaðist gildi 5. júní 2013 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 21. júlí 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR Í FORMI ORÐSENDINGASKIPTA
MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG
RÍKISSTJÓRNAR RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKISINS
UM AFNÁM SKYLDU TIL VEGABRÉFSÁRITUNAR FYRIR FLUGÁHAFNIR

A. Orðsending frá ríkisstjórn rússneska sambandsríkisins.

Utanríkisráðuneyti Rússneska sambandsríkisins vottar sendiráði Íslands í Rússneska sambandsríkinu virðingu sína og veitist sá heiður að upplýsa um eftirfarandi fyrir hönd ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins:

Ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins leggur hér með til við ríkisstjórn Íslands (hér á eftir nefndar aðilar) að settar verði, með gagnkvæmu samkomulagi, einfaldaðar reglur um komu (dvöl, brottför) til yfirráðasvæða ríkjanna fyrir flugverja loftfara tilnefndra flugrekenda sem veita samþykkt flugþjónustu á þeim leiðum sem tilgreindar eru í loftferðasamningnum milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins frá 11. desember 1998 og einnig fyrir flugverja loftfara annarra flugrekenda sem annast leiguflug og sérstakt flug á hinum umsömdu leiðum.

Þessar einfölduðu reglur eru sem hér segir:

Flugverjum (flugliðum og öryggis- og þjónustuliðum) loftfara flugfélaga samningsaðilanna, sem koma að heimiluðum loftferðum á tilnefndum leiðum milli flugvalla Rússneska sambandsríkisins og Íslands samkvæmt fyrrgreindum samningi milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um loftferðir eða sem stunda leiguflug eða sérflug frá flugvöllum (til flugvalla) sem eru opnir fyrir samgöngum landa í milli og eru staðsettir á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins annars vegar og Íslands hins vegar, þ.e. flugverjum, sem eru handhafar ríkisvegabréfa sem gilda um ferðir til útlanda, kennivottorða flugverja og, ef nauðsyn krefur, atvinnuleyfa, er heimilt, að því skilyrði uppfylltu að upplýsingar um þá sé að finna í almennri greinargerð um viðkomandi flug, að koma inn á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða yfirráðasvæði Íslands, að dvelja á þeim flugvelli þar sem viðkomandi loftfar hefur lent eða innan marka þeirrar borgar sem viðkomandi flugvöllur liggur að og yfirgefa fyrrnefnd yfirráðasvæði með sama flugi eða því næsta án þess að vegabréfsáritanir séu gefnar út.

Lendi loftfar á neyðarflugvelli munu viðkomandi lögbær stjórnvöld ákveða hvort flugverjum sé heimilt að fara út fyrir hið afmarkaða flugvallarsvæði.

Skírteini flugverja skal innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 9. viðauka við samninginn um alþjóðaflugmál (Chicago, 1944).

Samþykki ríkisstjórn Íslands það sem að framan greinir hefur utanríkisráðuneyti Rússneska sambandsríkisins þann heiður að leggja til, fyrir hönd ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins, að orðsending þessi og svarorðsending sendiráðs Íslands til staðfestingar séu ígildi samnings milli ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins og ríkisstjórnar Íslands um einföldun reglna um komu, dvöl og brottför fyrir flugverja flugfélaga Rússneska sambandsríkisins og Íslands sem mun öðlast gildi frá þeim degi þegar síðari orðsendingunni af tveimur skriflegum orðsendingum, þess efnis að nauðsynlegri og lögformlegri innlendri málsmeðferð aðilanna til þess að fyrrnefndur samningur öðlist gildi sé lokið, er veitt viðtaka eftir diplómáskum leiðum.

Hvor aðili sem er getur hvenær sem er tilkynnt hinum aðilanum um þá fyrirætlun sína að segja samningi þessum upp. Ef þannig ber undir fellur samningurinn úr gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar hinn aðilinn veitir tilkynningu þess efnis viðtöku, nema hún sé dregin til baka með gagnkvæmu samkomulagi aðila áður en fyrrnefnt tímabil er á enda.

Utanríkisráðuneyti Rússneska sambandsríkisins notar þetta tækifæri til þess að votta sendiráði Íslands enn á ný fyllstu virðingu sína.

Moskva 27. maí 2013.

B. Orðsending frá ríkisstjórn Íslands.

Sendiráð Íslands gagnvart Rússneska sambandsríkinu vottar utanríkisráðuneyti Rússneska sambandsríkisins virðingu sína og hefur þann heiður, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, að staðfesta samþykki eftirfarandi orðsendingar frá 27. maí 2013:

Utanríkisráðuneyti Rússneska sambandsríkisins vottar sendiráði Íslands í Rússneska sambandsríkinu virðingu sína og hefur þann heiður, fyrir hönd ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins, að tilkynna eftirfarandi:

Ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins leggur hér með til við ríkisstjórn Íslands (hér á eftir nefndar aðilar) að settar verði, á grundvelli gagnkvæmni, einfaldaðar reglur um komu (dvöl, brottför) til yfirráðasvæða ríkja sinna fyrir flugverja loftfara tilnefndra flugfélaga, sem veita samþykktu flugþjónustu á þeim leiðum sem tilnefndar eru í loftferðasamningi milli ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins og ríkisstjórnar Íslands frá 11. Desember 1998, enn fremur fyrir flugverja loftfara annarra flugfélaga sem annast leiguflug eða sérflug á hinum umsömdum leiðum.

Þessar einfölduðu reglur eru sem hér segir:

Flugverjum (flugliðum og öryggis- og þjónustuliðum) loftfara flugfélaga samningsaðilanna, sem koma að heimiluðum loftferðum á tilnefndum leiðum milli flugvalla Rússneska sambandsríkisins og Íslands samkvæmt fyrrgreindum samningi milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um loftferðir eða sem stunda leiguflug eða sérflug frá flugvöllum (til flugvalla) sem eru opnir fyrir samgöngum landa í milli og eru staðsettir á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins annars vegar og Íslands hins vegar, þ.e. flugverjum, sem eru handhafar ríkisvegabréfa sem gilda um ferðir til útlanda, kennivottorða flugverja og, ef nauðsyn krefur, atvinnuleyfa, er heimilt, að því skilyrði uppfylltu að upplýsingar um þá sé að finna í almennri greinargerð um viðkomandi flug, að koma inn á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða yfirráðasvæði Íslands, að dvelja á þeim flugvelli þar sem viðkomandi loftfar hefur lent eða innan marka þeirrar borgar sem viðkomandi flugvöllur liggur að og yfirgefa fyrrnefnd yfirráðasvæði með sama flugi eða því næsta án þess að vegabréfsáritanir séu gefnar út.

Lendi loftfar á neyðarflugvelli munu viðkomandi lögbær stjórnvöld ákveða hvort flugverjum sé heimilt að fara út fyrir hið afmarkaða flugvallarsvæði.

Skírteini flugverja skal innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 9. viðauka við samninginn um alþjóðaflugmál (Chicago, 1944).

Samþykki ríkisstjórn Íslands það sem að framan greinir hefur utanríkisráðuneyti Rússneska sambandsríkisins þann heiður að leggja til, fyrir hönd ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins, að orðsending þessi og svarorðsending sendiráðs Íslands til staðfestingar séu í gildi samnings milli ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins og ríkisstjórnar Íslands um einföldun reglna um komu, dvöl og brottför fyrir flugverja flugfélaga Rússneska sambandsríkisins og Íslands sem mun öðlast gildi frá þeim degi þegar síðari orðsendingunni af tveimur skriflegum orðsendingum, þess efnis að nauðsynlegri og lögformlegri innlendri málsmeðferð aðilanna til þess að fyrrnefndur samningur öðlist gildi sé lokið, er veitt viðtaka eftir diplómátskum leiðum.

Hvor aðili sem er getur hvenær sem er tilkynnt hinum aðilanum um þá fyrirætlun sína að segja samningi þessum upp. Ef þannig ber undir fellur samningurinn úr gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar hinn aðilinn veitir tilkynningu þess efnis viðtöku, nema hún sé dregin til baka með gagnkvæmu samkomulagi aðila áður en fyrrnefnt tímabil er á enda.

Utanríkisráðuneyti Rússneska sambandsríkisins vottar íslenska sendiráðinu enn á ný virðingu sína.

Sendiráð Íslands gagnvart Rússneska sambandsríkinu hefur þann heiður að staðfesta að ríkisstjórn Íslands samþykkir það sem að framan greinir og þá tillögu að orðsending ráðuneytisins og svarorðsending þessi til staðfestingar séu í gildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um einföldun reglna um komu, dvöl og brottför fyrir flugverja flugfélaga Íslands og Rússneska sambandsríkisins sem mun öðlast gildi frá þeim degi þegar síðari orðsendingunni af tveimur skriflegum orðsendingum, þess efnis að nauðsynlegri og lögformlegri innlendri málsmeðferð aðilanna til þess að fyrrnefndur samningur öðlist gildi sé lokið, er veitt viðtaka eftir diplómátskum leiðum.

Sendiráð Íslands gagnvart Rússneska sambandsríkinu vottar utanríkisráðuneyti Rússneska sambandsríkisins enn á ný virðingu sína.

Moskvu, 27. maí 2013

AGREEMENT IN THE FORM OF EXCHANGE OF NOTES BETWEEN
THE GOVERNMENT OF ICELAND AND
THE GOVERNMENT OF THE RUSSIAN FEDERATION
ON THE ABOLITION OF VISA REQUIREMENTS FOR CREW MEMBERS OF AIRLINES

A. Note from Government of the Russian Federation.

The Ministry of Foreign Affairs of the Russian Federation presents its compliments to the Embassy of Iceland in the Russian Federation and on behalf of the Government of the Russian Federation has the honour to inform of the following:

The Government of the Russian Federation herewith proposes to the Government of Iceland (hereinafter Parties) to set on the basis of reciprocity simplified rules of entry (stay, exit) in the territory of their states for aircraft crew members of designated air companies that provide the agreed air services on the routes specified in the Agreement between the Government of the Russian Federation and the Government of Iceland on air traffic of December 11, 1998, and also for crew members of aircrafts of other air companies that carry out charter and special flights on the agreed routes.

These simplified rules are as follows:

Crew members (flight and cabin crew) of aircrafts of the Contracting Parties' air companies, which are involved in permitted air travel on designated routes between the airports of the Russian Federation and Iceland in accordance with the above-mentioned Agreement between the Government of Iceland and the Government of the Russian Federation on air traffic or which carry out charter flights or special flights from airports (towards airports) open for international communications and located, respectively, on the territory of the Russian Federation or Iceland, and who have national passports valid for trips abroad, crew member identity cards and if necessary work permits are permitted, upon the condition that the information about them is included into the general declaration of the flight, to arrive to the territory of the Russian Federation or to the territory of Iceland, to stay at the airport where the aircraft has landed, or within the boundaries of the city the airport adjoin to and leave it with the same or with next flight without visas being issued.

In case of landing of an aircraft to an emergency airfield the question of exiting of the aircraft crew members beyond the perimeter of the airfield will be decided by the competent authorities.

A crew member certificate shall contain information specified in Annex 9 to the Convention on International Civil Aviation (Chicago, 1944).

In case of consent of the Government of Iceland with the above-mentioned, the Ministry of Foreign Affairs of the Russian Federation has the honour to propose on behalf of the Government of the Russian Federation that the present Note and affirmative Note of the Embassy of Iceland in reply shall constitute an Agreement between the Government of the Russian Federation and the Government of Iceland on the simplification of the rules of entry, stay and exit for crew members of air companies of the Russian Federation and Iceland, which will enter into force from the date of reception through diplomatic channels of the last of two written notifications on the completion by the Parties of the internal procedures required for its entry into force.

Each Party may at any time notify the other Party of its intention to terminate this Agreement. In this case the Agreement will expire after six months from the date of receipt of notification by the other Party unless such notification is withdrawn by mutual agreement of the Parties before the expiry of this period.

The Ministry of Foreign Affairs of the Russian Federation avails itself of this opportunity to renew to the Embassy of Iceland the assurance of its highest consideration.

Moscow, 27 May 2013.

B. Note from the Government of Iceland.

The Embassy of Iceland to the Russian Federation presents its compliments to the Ministry of Foreign Affairs of the Russian Federation and on behalf of the Government of Iceland has the honour to confirm the acceptance of the following note of May 23, 2013:

The Ministry of Foreign Affairs of the Russian Federation presents its compliments to the Embassy of Iceland in the Russian Federation and on behalf of the Government of the Russian Federation has the honour to inform of the following:

The Government of the Russian Federation herewith proposes to the Government of Iceland (hereinafter Parties) to set on the basis of reciprocity simplified rules of entry (stay, exit) in the territory of their states for aircraft crew members of designated air companies that provide the agreed air services on the routes specified in the Agreement between the Government of the Russian Federation and the Government of Iceland on air traffic of December 11, 1998, and also for crew members of aircrafts of other air companies that carry out charter and special flights on the agreed routes.

These simplified rules are as follows:

Crew members (flight and cabin crew) of aircrafts of the Contracting Parties' air companies, which are involved in permitted air travel on designated routes between the airports of the Russian Federation and Iceland in accordance with the above-mentioned Agreement between the Government of Iceland and the Government of the Russian Federation on air traffic or which carry out charter flights or special flights from airports (towards airports) open for international communications and located, respectively, on the territory of the Russian Federation or Iceland, and who have national passports valid for trips abroad, crew member identity cards and if necessary work permits are permitted, upon the condition that the information about them is included into the general declaration of the flight, to arrive to the territory of the Russian Federation or to the territory of Iceland, to stay at the airport where the aircraft has landed, or within the boundaries of the city the airport adjoin to and leave it with the same or with next flight without visas being issued.

In case of landing of an aircraft to an emergency airfield the question of exiting of the aircraft crew members beyond the perimeter of the airfield will be decided by the competent authorities.

A crew member certificate shall contain information specified in Annex 9 to the Convention on International Civil Aviation (Chicago, 1944).

In case of consent of the Government of Iceland with the above-mentioned, the Ministry of Foreign Affairs of the Russian Federation has the honour to propose on behalf of the Government of the Russian Federation that the present Note and affirmative Note of the Embassy of Iceland in reply shall constitute an Agreement between the Government of the Russian Federation and the Government of Iceland on the simplification of the rules of entry, stay and exit for crew members of air companies of the Russian Federation and Iceland, which will enter into force from the date of reception through diplomatic channels of the last of two written notifications on the completion by the Parties of the internal procedures required for its entry into force.

Each Party may at any time notify the other Party of its intention to terminate this Agreement. In this case the Agreement will expire after six months from the date of receipt of notification by the other Party unless such notification is withdrawn by mutual agreement of the Parties before the expiry of this period.

The Ministry of Foreign Affairs of the Russian Federation avails itself of this opportunity to renew to the Embassy of Iceland the assurance of its highest consideration.

The Embassy of Iceland to the Russian Federation has the honour to confirm the consent of the Government of Iceland with the above-mentioned and with the proposal that the Note of the Ministry and the present affirmative Note in reply shall constitute an Agreement between the Government of Iceland and the Government of the Russian Federation on the simplification of the rules of entry, stay

and exit for crew members of air companies of Iceland and the Russian Federation, which will enter into force from the date of reception through diplomatic channels of the last of two written notifications on the completion by the Parties of the internal procedures required for its entry into force.

The Embassy of Iceland to the Russian Federation avails itself of this opportunity to renew to the Ministry of Foreign Affairs of the Russian Federation the assurance of its highest consideration.

Moscow, 23 May 2013

C-deild – Útgáfud.: 13. október 2021